



LANDSSAMBAND HEILBRIGÐISSTOFNANA

9. fundur stjórnar 25.01 2016 kl. 14:30-15:45

Mættir: Hildigunnur Svavarsdóttir (HS), formaður, Nína Hrönn Gunnarsdóttir (NHG), Elís Reynarsson (ER), Lilja Stefánsdóttir (LS) og Pétur Magnússon (PM).

Eydís Sigurðardóttir, Oddur Steinarsson og Rósa Marinósdóttir boðuðu forföll.

Hildigunnur Svavarsdóttir stýrði fundi og Nína Hrönn Gunnarsdóttir ritaði fundargerð.

Fundargerð

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar og aðalfundar í nóvember 2015.** HS hefur þegar sent út fundargerð síðasta fundar, ekki komu fram athugasemdir og er hún því samþykkt og hefur verið birt á vef samtakanna svo og fundargerð aðalfundar sem haldin var 13. nóvember 2015. HS fer yfir ályktun varðandi bókun 7 í kjarasamningi lækna sem samþykkt var á aðalfundinum, hún hefur verið send ráðamönnum og mun verða birt á vef samtakanna.
- 2. Ný stjórn tekur til starfa - verkaskipting og fyrirkomulag funda.**
 - a. Ný stjórn:** Hildigunnur Svavarsdóttir verður áfram formaður stjórnar LH, Lilja Stefánsdóttir kemur inn í stjórn og tekur sæti Jóns Hilmars Friðrikssonar og verður meðstjórnandi, Pétur Magnússon verður varaformaður, Nína Hrönn Gunnarsdóttir verður áfram ritari, Elís Reynarsson, gjaldkeri. Oddur Steinarsson, Rósa Marinósdóttir og Eydís Sigurðardóttir verða áfram varamenn.
 - b. Fyrirkomulag funda:** HS fer yfir að fundir séu að jafnaði fjórir á ári og þá í tengslum við aðalfund eða vorfund, þess á milli boði formaður símafundi ef þurfa þykir.
 - c. Fyrirkomulag fundargerða:** HS kynnir nýjum stjórnarmeðlim LS að fundargerðir séu sendar á stjórnarmenn eftir yfirferð formanns, formaður gefur ákveðinn tíma til að senda inn athugasemdir en eftir þann tíma telst fundargerðin samþykkt og verður birt á heimasíðu samtakanna.
- 3. Tilnefning LH í fagråd sjúkraflutninga:** Að beiðni velferðarráðuneytis hefur LH tilnefnt Hjört Kristjánsson lækni HSU og Báru Benediksdóttur hjúkrunarfræðing LSH í fagråd um sjúkraflutninga.
- 4. Fjárhagsáætlun 2016 og önnur atriði varðandi fjármál:**
 - a.** ER fer yfir fjárhagsáætlun LH fyrir árið 2016. ER vekur athygli stjórnarmanna á því að eftir sameiningar stofnana hafi meðlimum samtakanna fækkað og því er innkoma samtakanna minni en verið hefur. Stærstu útgjaldaliðirnir eru skrifstofukostnaður og þar er hýsingakostnaður heimasíðu stærstur og síðan ritaraþjónusta. En ritari hefur séð um bókanir vegna vorfunda, halda utan um skráningar á aðalfund auk þess að halda utan um fjölda meðlima samtakanna.
 - b.** Samtökin eiga innistæðu á bankareikningi og þessir fjármunir hafa verið notaðir vegna funda s.s. á aðalfundi og vorfundi. Á aðalfundi nú í nóvember sl. buðu samtökin upp á veitingar að fundi loknum. Reynsla þess var sú að við þurfum að biðja þá sem ætla sér að njóta veitinganna að skrá sig því töluvert færri stöldruðu við heldur en gert var ráð fyrir sem skapar aukakostnað.
- 5. Vorfundur 14-15 apríl 2016 verður haldinn í Keflavík.**



- a. Kostnaður:** ER hefur fengið tilboð frá Park Inn hóteli. Ákveðið er að kostnaður af rútu og fyrirlestrum komi frá LH en stofnanir greiði fyrir gistingu og mat þátttakenda. Tilboðið hljóðar upp á 28-34 þúsund fyrir manninn eftir því hvort einn eða tveir verði saman í herbergi.
 - b. Þema:** Ákveðið hefur verið að þema vorfundar verði málefni heilsugæslunnar frá ýmsum sjónarmiðum, frá vöggum til grafar. Umræða skapaðist um hvort og hvernig heilsugæslan gæti nýtt göngudeildir LSH til að bæta þjónustu og samvinnu milli fagaðila og stofnana og um tækifæri heilsugæslunnar í málefnum aldraðra, fjöl- og langveikra, fólks með lífstílsjúkdóma og fleira. Hugmynd kom upp að fá ráðherra og landlækni til að flytja erindi. HS mun senda beiðni þess efnis. NHG mun fara þess á leit við hjúkrunarstjóra á Kirkjubæjarklaustri að tala um reynslu þeirra af fjarlækningum/fjarþjónustu. Pétur mun heyra í Pálma Jónssyni varðandi þjónustu við aldraða, Lilja mun tala við Óskar Reykdalsson varðandi bráðþjónustu, Elís mun heyra í heimamönnun varðandi fyrirlestur um málefni sem eru einkennandi fyrir Suðurnes.
- 6. Önnur mál.**

 - a. Fjöldi meðlima LH:** HS mun senda út nafnalista til að við sjáum hve margir meðlimir samtakanna eru.

Fundi slitið klukkan 15:50.